



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands  
2017-2018

Skýrsla fjarnámsstjóra

## Efniyfirlit

Inngangur .....	3
Haustönn 2017 .....	3
Vorönn 2018 .....	4
Sumarönn 2018 .....	5
Þriggja ára nám til stúdentsprófs.....	5
Fjöldi fjarnemenda eftir önnum .....	6
Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum. ....	6
Fjöldi umsækjenda eftir önnum .....	6
Tafla 1. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda.....	7
Mynd 2. Fjöldi umsækjenda eftir önnum.....	8
Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum .....	8
Mynd 3. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum.....	9
Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum.....	9
Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum.....	10
Ársmemendur fjarnáms.....	10
Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir önnum.....	11
Mynd 6. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir árum .....	12
Fjarnámshjöld .....	12
Fjarnámspróf .....	12
Einkunnir fyrir fjarnámspróf.....	13
Mynd 7. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á H17, V18, S18.....	13
Tafla 2. Niðurstöður prófa á H17, V18 og S18.....	13
Tafla 3. Niðurstöður prófa teknar saman .....	14
Lokaorð .....	14
Viðauki.....	16
Tafla 4. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2018.....	16

## **Inngangur**

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2017-2018.

## **Haustönn 2017**

Á haustönn 2017 voru 108 áfangar kenndir, en fleiri áfangar voru í boði. Öllum nemendum sem sóttu um, var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Einn *hulduáfangi*, BÓK313, var kenndur fyrir nemendur sem af ýmsum ástæðum þurftu nauðsynlega að taka þann áfanga. Áfangar á haustönn 2017 voru því alls 109, eða fjórum fleiri en á haustönn 2016.

Fjarkennarar voru 50 þessa önnina, allir þrautreyndir fagmenn.

Á haustönn 2017 voru 372 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á haustönn 2017 er 31 nemandi færri en á haustönn 2016 og fækkaði nemendum því um tæp 8% á milli þessara ára.
- Af 372 nemendum haustannar 2017 voru 77 (20,7%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 295 (79,3%) komu annars staðar frá. Á haustönn 2016 var fjöldi dagskólanemenda í fjarnámi 103 og það hlutfall þá var 25,6%, sem er hlutfallslega mun meiri fjöldi en á haustönn 2017.
- Af 372 nemendum haustannar 2017 voru 28 (7,5%) nemendur grunnskóla, sem er lægra hlutfall en á haustönn 2016 því þá var þessi fjöldi 9,4% af heildarfjölda fjarnemenda.
- Af þessum 372 nemendum haustannar 2017 voru konur 228 (61,2%) og karlar 144 (38,7 %) og á haustönn 2016 voru samsvarandi gildi 57,1% og 42,9%.
- Meðalaldur fjarnemenda á haustönn 2017 var 21,3 ár, en á haustönn 2016 var þessi tala ívið lægri eða 20,9 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á haustönn 2017 voru nemendur fæddir 1998, en þeir nemendur voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla það haustið. Haustið 2016 voru nemendur á fjórða ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1997) einnig fjölmennasti árgangurinn.
- Hver nemandi tók að meðaltali 5,32 einingar á haustönn 2017, en sambærileg tala fyrir haustönn 2016 var 5,25.

Sjá nánar um nemendur á haustönn 2017 á heimasíðu skólans<sup>1</sup>.

Nemendur haustannar 2017 voru skráðir í 1980,2 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 1429 einingar en það voru 72,2% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 40,8 ársnemendur. Á haustönn 2016 skiluðu 72,3% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 43,7 ársnemendur. Sjá töflu 4 í viðauka.

---

<sup>1</sup><https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/haust-2017/>. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og 12 nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

## Vorönn 2018

Á vorönn 2018 voru 123 áfangar kenndir en fleiri áfangar voru í boði. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Einn *hulduáfangi*, BÓK313, var kenndur fyrir nemendur sem af ýmsum ástæðum þurftu nauðsynlega að taka þann áfanga. Áfangar á vorönn 2018 voru því alls 124, eða sex fleiri en á vorönn 2017.

Fjarkennarar á vorönn 2018 voru 52, þar af einn sem ekki hafði fjarkennt áður.

Á vorönn 2018 voru 544 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á vorönn 2018 var 98 nemendum fleiri en á vorönn 2017, þetta er 22% fjölgun á milli ára.
- Af 544 nemendum vorannar 2018 voru 151 (27,8%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 416 (72,2%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall Verzlunarskólanemenda í fjarnámi er lægra en á vorönninni á undan en þá var það 35,9%.
- Af 544 nemendum vorannar 2018 voru 42 (7,7%) nemendur grunnskóla, en á vorönn 2017 voru sambærilegar tölur 32 (7,2%).
- Af 446 nemendum vorannar 2018 voru konur 291 (53,5%) og karlar 253 (46,5%) en á vorönn 2017 var hlutfall kvenna 54,5% og karla 45,5%.
- Meðalaldur fjarnemenda á vorönn 2018 var 21,7 ár, en þessi tala var aðeins lægri á vorönninni á undan (20,9 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á vorönn 2018 voru nemendur fæddir 1998, en þeir nemendur voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla þetta vorið. Vorið 2017 voru nemendur á fjórða ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1997) einnig fjölmennasti árgangurinn.
- Að meðaltali tók hver nemandi 5,07 einingar á vorönn 2018, en sambærileg tala fyrir vorönn 2017 var 5,29.

Sjá nánar um nemendur á vorönn 2018 á heimasíðu skólans <sup>2</sup>.

Nemendur vorannar 2018 voru skráðir í 2759,4 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2015 eining en það voru 73,0% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 57,6 ársnemendur. Á vorönn 2017 skiluðu 71,8% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 48,4 ársnemendur. Sjá töflu 4 í viðauka.

---

<sup>2</sup>Sjá nánari upplýsingar um nemendur á vorönn 2018 á heimasíðu skólans, <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/vor-2018/>. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og 40 nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

## **Sumarönn 2018**

Á sumarönn 2018 voru 102 áfangar kenndir. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Fjarkennarar á sumarönn voru 48, allt þrautreyndir fjarkennarar.

Á sumarönn 2018 voru 472 nemendur skráðir í fjarnám, þegar þessi hópur er skoðaður nánar kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2018 var 3 færri en á sumarönn 2017, þetta er fækkun upp á minna en 1%.
- Af 472 nemendum sumarannar 2018 voru 75 (15,9%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 397 (84,1%) komu annars staðar frá. Á sumarönn 2017 voru 144 (30,3%) nemenda líka í dagskóla VÍ, og er það hlutfall mun hærra en á sumarönn 2018.
- Af þessum 472 nemendum voru konur 274 (58,1%) og karlar 198 (41,9%). Samsvarandi tölur fyrir sumarönn 2017 voru 57,9% konur og 42,1% karlar.
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2018 var 20,5 ár, en það var hærri meðalaldur en á sumarönn 2017 (20,1 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2018 voru nemendur fæddir 2000, en þeir höfðu þá væntanlega lokið öðru ári í framhaldsskóla. Á sumarönn 2017 var árgangurinn 1998 fjölmennastur en þeir höfðu þá væntanlega lokið þriðja ári í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi 5,14 einingar á sumarönn 2018. Sambærileg tala fyrir sumarönn 2017 var 5,12 einingar.

Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2015 á heimasíðu skólans<sup>3</sup>.

Nemendur á sumarönn 2018 voru skráðir í 2424,8 einingar, til lokaprófs skiluðu sér 1820,8 einingar en það gera 75,1% af þeim einingum sem lagt var upp með. Gáfu þreyttar einingar á sumarönn 2018 alls 52,0 ársnemendur. Á sumarönn 2017 skiluðu 77,4% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 53,7 ársnemendur. Sjá töflu 4 í viðauka.

## **Þriggja ára nám til stúdentsprófs**


Fyrstu nemendur í Verzlunarskóla Íslands hófu nám á þriggja ára brautum til stúdentsprófs haustið 2015. Stefnt var að því að áfangar í samræmi við þriggja ára brautir yrðu í boði í fjarnámi eigi síðar en næstu önn á eftir að þeir væru kenndir í fyrsta sinn í dagskóla. Á sumarönn 2018 voru 76 áfangar í boði í samræmi við hina nýju námskrá, en 26 áfangar með gömlum nöfnum voru þá enn í kennslu. Stefnt er að því að vorið 2019 verði allir áfangar með gömlum nöfnum dottirnir úr kennslu. Þá verða allir áfangar Verzlunarskólans í boði í fjarnámi með nýjum nöfnum, að undan skildum nokkrum áföngum á Nýsköpunar- og listabraut sem nær ómögulegt er að fjarkenna.

---

<sup>3</sup>Sjá nánari upplýsingar um nemendur á sumarönn 2016 á heimasíðu skólans <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/sumar-2017/>. Tölur eru eins á heimasíðu og í skýrslu, enda unnar í lok sumarannar.

## Fjöldi fjarnemenda eftir önnum

Þegar fjöldi nemenda í fjarnámi Verzlunarskólans er skoðaður eftir önnum, má almennt segja að fjöldinn vaxi frá önn til annar, fram til ársins 2010 en þá var niðurskurðarhnífurinn settur á loft. Frá þeim tíma hefur fjöldi fjarnemenda verið á bilinu 400-750 á önn. Sumarönn 2015 sker sig út vegna nýnema í vélritun og/eða á undirbúningsnámskeiði í stærðfræði. Þetta kemur fram á mynd 1. Upplýsingar um fjölda nemenda á önn má sjá í töflu 4 í viðauka.



Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum.

Sumar- og vorannir eru alla jafnan fjölmennastar og haustannirnar fámennastar. Það helst í hendur við það að nemendur dagskóla Verzlunarskólans og annarra bekkjarskóla eru fjölmennastir á sumar- og vorönnum því þá eru þeir margir að taka upp falláfangana frá önninni á undan.


## Fjöldi umsækjenda eftir önnum

Tölur um fjölda umsækjenda á önn eru til frá haustönn 2010. Þá sóttu 773 nemendur um að komast í fjarnám VÍ, en vegna niðurskurðar voru einungis 311 nemendur teknir inn en það er einungis 40% af heildarfjölda umsækjenda. Þetta hlutfall er um 90% á næstu önnum á eftir. Hlutfall þeirra sem fá aðgang að fjarnáminu af heildarfjölda umsækjenda hefur farið hækkandi og var 97% á vorönn 2015. Síðustu annir hefur þessi fjöldi verið ívið lægri. Það skal tekið fram að öllum nemendum sem sækja um fjarnámið er boðinn aðgangur. Þeir nemendur sem ekki fá aðgang að fjarnáminu, velja sjálfir að greiða ekki gjöldin og taka ekki þátt. Sjá töflu 1.

Önn	Umsækjendur	Nemendur	Nemendur/umsækjendur	Umsækjendur sem ekki fá aðgang
H-10	773	311	0,40	462
V-11	818	721	0,88	97
S-11	808	728	0,90	80
H-11	577	522	0,90	55
V-12	714	627	0,88	87
S-12	643	572	0,89	71
H-12	619	574	0,93	45
V-13	689	641	0,93	48
S-13	773	698	0,90	75
H-13	586	545	0,93	41
V-14	737	694	0,94	43
S-14	685	604	0,88	81
H-14	546	512	0,94	34
V-15	627	608	0,97	19
S-15	993	940	0,95	53
H-15	604	570	0,94	34
V-16	626	574	0,92	52
S-16	518	472	0,91	46
H-16	433	403	0,93	30
V-17	465	446	0,96	19
S-17	497	475	0,96	22
H-17	386	372	0,96	14
V-18	565	544	0,96	21
S-18	508	472	0,93	36

Tafla 1. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda.

Fjöldi umsækjenda eftir önnum frá haustönn 2010 er á bilinu 400-800. Sumarönn 2015 sker sig úr en þá skráðu tæplega 200 nýnemar VÍ sig í fjarnám í vélritun og/eða á undirbúningsnámskeið í stærðfræði. Þessi súla er því of há og ætti að vera undir 750 markinu. Sjá mynd 2.




Mynd 2. Fjöldi umsækjenda eftir önnum.

### ***Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum***

Meðaleiningafjöldi sem hver fjarnemandi tekur á önn hefur verið á bilinu frá 5 til 6 einingar frá og með vorönn 2006 og til og með sumarönn 2018. Flestar einingar að meðaltali á önn tóku nemendur á haustönn 2009 (6,2 einingar), en færstar á sumarönn 2015 (4,1). Þessi tala frá sumarönn 2015 er miðuð við þá tæplega 200 nemendur sem tóku vélritunaráfangann sem er aðeins ein eining. Ef þeir nemendur eru ekki taldir með, þá hækkar þessi tala í 4,9. Sjá mynd 3 og töflu 4 í viðauka.






Mynd 3. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum

Ef mynd 3 er skoðuð nánar, kemur í ljós að meðaleiningafjöldi nemenda á önn lækkaði á niðurskurðarárinu 2010, miðað við fyrri annir og hefur verið lægri síðan miðað við annir fyrir 2010.

### ***Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum***

Mæting í próf eftir önnum var um 60% frá og með vorönn 2006 og til og með vorönn 2010. Undantekning er sumarönn 2006, en þar var mæting í próf nálægt 78%. Hafa skal í huga þegar mæting í próf er skoðuð að á fyrstu önnum fjarnámsins fengu nemendur endurgreidd kennslugjöld fyrir það eitt að mæta í próf. Frá haustönn 2010 hefur mætingin í próf hins vegar verið yfir 70%, undantekning eru þó haustannir 2012, 2013, 2014 og 2015 og vorönn 2014. Mætingin í próf á sumarönn 2017 var tæplega 77,4% og hefur hún ekki verið svona mikil síðan á sumarönn 2006.

Því má segja að niðurskurðurinn með fækkun nemenda á önn og fækkun meðalfjölda eininga hvers nemanda á önn hafi leitt til þess að nemendur mæti betur í próf. Þetta kemur fram á mynd 4. Tölur eru fengnar úr töflu 4 í viðauka.




Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum

Ef meðalmæting nemenda á öllum önnum er tekin saman, kemur í ljós að hún er rúmlega 68%. Markmiðið er að yfir 80% eininga skili sér til prófs á hverri önn.

### **Ársmemendur fjarnáms**


Ársmemendur eru taldir út frá þeim einingum sem skila sér til prófs. Miðað er við að hver ársnemandi taki 35 (gamlar) einingar á ári. Ársmemendur á önn voru á bilinu 60 til 70 á fyrstu önnum fjarnámsins. Árið 2008 fór ársnemendafjöldinn á önn upp í 70 til 80, en hækkað ört á árinu 2009 og náði hámarki á sumarönn 2009 en þá fór ársnemendafjöldinn á önn yfir 100. Eftir það fór ársnemendafjöldinn lækkandi og náði hann lágmarki á haustönn 2010.

Ársmemenda fjöldinn hefur verið á bilinu frá 40-80 síðustu annir, ívið lægri á haustönnum en á sumar- og vorönnum. Ársmemenda fjöldinn á haustönn 2017 var 40,8 og er það lægsta tala síðan á haustönn 2010. Sjá mynd 5 og töflu 4 í viðauka.



Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir önnum

Á þremur önnum árið 2006 gaf fjarnámið af sér 198,3 ársnemendur. Árið 2007 fækkaði ársnemendum niður í 191,9, en þá var hætt að endurgreiða kennslugjaldið til þeirra nemenda sem mættu í próf. Árið 2008 gaf fjarnámið af sér 235,9 ársnemendur og árið eftir 285,3. Á niðurskurðarárinu 2010 fór fjöldi ársnemenda niður í 223 og árið eftir var ársnemendafjöldinn svipaður eða 221. Árið 2012 var fjöldi ársnemenda tæplega 200 og svipaður árið 2013. Árið 2014 fór ársnemenda fjöldinn niður í 185,1. Á árinu 2015 fór fjöldi ársnemenda í 202,8 en hafa ber í huga þegar sú tala er metin að þarna munar um nokkra ársnemendur sem nýnemar í vélritun skiluðu á sumarönn 2015. Árið 2016 var fjöldi ársnemenda rétt rúmlega 150, en stefnt hafði verið að því að fjöldinn færi ekki upp fyrir 150 það árið. Ársnemendafjöldinn árið 2017 er rétt undir 150. Þetta kemur fram á mynd 6. Tölur eru fengnar úr töflu 4 í viðauka.



Mynd 6. Fjöldi árnemenda fjarnáms eftir árum

Það sem af er árinu 2018 er árnemendafjöldinn orðinn 109,6. Stefnt er að því að árnemendur á haustönn verði undir 50 og heildarfjöldinn á árinu verði því um 150.

### **Fjarnámsgjöld**

Í byrjun árs 2011 var ákveðið að hækka fjarnámsgjöldin umtalsvert og hafa kennslugjaldið 4500 krónur á einingu en það var áður 3000 kr á einingu. Ákveðið var þó að halda skráningargjaldinu áfram í 6000 krónum. Þessi verðskrá var í gildi út árið 2015. Í janúar 2016 var ákveðið að hækka kennslugjaldið í 6000 krónur og skráningargjaldið í 7200 krónur. Þessi verðskrá hefur verið í gildi síðan. Nemendur Verzlunarskólans borga ekki skráningargjald en allir aðrir nemendur gera það.


### **Fjarnámspróf**

Fjarnámspróf eru aðallega tekin í húsnæði Verzlunarskóla Íslands, en líka vítt og breytt um heimskringluna. Á hverri önn eru ævinlega um 25-30% prófa skráð annars staðar en í húsnæði Verzlunarskólans. Flest eru þau fjarnámspróf tekin í framhaldsskólum á landinu, en þar sem því verður ekki viðkomið þá eru þau haldin í grunnskólum í heimabyggð nemandans. Á einstaka stað sjá háskólasetur, þekkingarsetur eða fræðslunet um fjarnámsprófin. Erlendis taka nemendur próf í sendiráðum, hjá ræðismönnum, í skólum í heimabyggð nemandans eða hjá einhverjum öðrum aðila sem fjarnámsstjóri metur traustan.

Ábyrgðarmenn fá skýrar leiðbeiningar um framkvæmd prófa, svo sem eins og hve langan tíma próf má taka og hvaða leyfileg hjálpargögn nemendur mega hafa við próftökuna. Einnig er lögð áhersla á að tryggja þurfi nemendum næði við próftökuna.

## Einkunnir fyrir fjarnámspróf

Ef lokaekunnir fjarnemenda á önnunum þremur (haustönn 2017, vorönn 2018 og sumarönn 2018) sem þessi skýrsla fjallar um eru skoðaðar, kemur í ljós að meðaltal þeirra er 6,06. Miðgildið er 6 og tíðasta gildið er 6. Einkunnadreifingin kemur fram á mynd 7.



Mynd 7. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á H17, V18, S18

Þegar þessar annir eru aðskildar, kemur í ljós að á haustönn 2017 og vorönn 2018 er meðaltal einkunna nánast það sama, eða 6,32. Meðaltal einkunna er mun lægra á sumarönn 2018, eða 5,53. Sama munstur kom fram skólaárið á undan. Staðnir áfangar eru hlutfallslega flestir á haustönn 2018, en ívið lægri á vorönn 2018. Á sumarönn 2018 er hlutfall staðinna áfanga lægst, þrátt fyrir að mæting í próf sé þá mest. Þetta kemur fram í töflu 2.

Önn	Meðaltal	Miðgildi	Tíðasta gildi	% einkunnir ≥ 5	% einkunnir ≤ 4	% mæting í próf	% staðnir áfangar
H17	6,32	6	6	80,42	19,58	72,2	58,1
V18	6,32	8	7	80,7	19,3	73,0	58,9
S18	5,53	6	6	70	30	75,1	52,6
<b>Meðaltal H17-S18</b>	<b>6,06</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>77,0</b>	<b>23,0</b>	<b>73,4</b>	<b>56,5</b>

Tafla 2. Niðurstöður prófa á H17, V18 og S18

Samkvæmt þessu, þá eru 77,0% lokaekunna á öllum önnunum þremur sem hér um ræðir stærri eða jafnt og 5 og 23,0% undir 5. Þar sem 73,4% mæting var að meðaltali í próf þessar þrjár annir, þá lýkur rúmlega helming (56,5%) af öllum áföngum þessara þriggja anna með stöðnum einingum, en í tæplega helming áfanga mæta nemendur annað hvort ekki í próf eða fá falleinkunnir fyrir prófin sín.

Samskonar úttekt hefur verið gerð fjórum sinnum áður, það er fyrir skólaárin 2013-2014, 2014-2015, 2015-2016 og 2016-2017. Samanburður á þessum úttektum sýnir að hlutfall einkunna sem eru stærri eða jafnt og fimm er á svipuðu róli þessi fjögur tímabil, eða í kringum 75%. Hlutfall staðinna áfanga fer hins vegar hækkandi á milli þessara tímabila, frá 51,2% skólaárið 2013-2014 til 56,5% skólaárið 2017-2018. Skiptir þar mestu máli að meðalmæting nemenda í próf hækkar eftir því sem árin líða.

Til eru sambærilegar tölur frá árin 2006 og 2007 og þar kemur í ljós að rúm 10% nemenda fá einkunn 1. Þessi ár var nemendum endurgreitt fyrir að mæta í próf og margir nýttu sér það og skiluðu nánast auðu prófblaði og fengu einkunn 1. Á þessum sex önum 2006 og 2007 voru 67,6% prófa með einkunnir hærrí eða jafnt og 5, en 32,4% prófa með falleinkunnir (einkunnir 1 til 4). Meðalmæting í próf var 62,4% á árunum 2006 og 2007 sem merkir að 42,2% prófa lauk með stöðnum framhaldsskólaeiningum. Sjá töflu 3.

Önn	Meðaltal	Miðgildi	Tíðasta gildi	% einkunnir ≥ 5	% einkunnir ≤ 4	% mæting í próf	% staðnir áfangar
Allar annir 06 og 07	-	-	5	67,6	32,4	62,4	42,2
H13, V14, S14	5,82	6	6	73,4	26,6	69,8	51,2
H14, V15, S15	5,99	6	7	74,9	25,1	69,8	52,3
H15, V16, S16	6,01	6	7	76,5	23,5	71,3	54,5
H16, V17, S17	5,88	6	6	74,6	25,4	73,8	55,1
H17, V18, S18	6,06	6	6	77,0	23,0	73,4	56,5
Meðaltal H13-S18	5,92	6	6	74,86	25,14	71,19	53,29

Tafla 3. Niðurstöður prófa teknar saman

Þegar tölur í töflu 5 eru skoðaðar kemur í ljós að meðalmæting í próf hefur hækkað síðan á árunum 2006 og 2007 og áföngum sem lýkur með stöðnum einingum hefur fjölgað.

## Lokaorð

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið með óbreyttu sniði í 13 ár. Á þessum tíma hafa kennarar skólans byggt upp metnaðarfulla áfanga í kennsluferfinu og staðið fyrir kröftugri fjarkennslu. Kerfisstjóri og kerfisfræðingur hafa séð til þess að tæki og tól virki eins og best verður á kosið, því ekki má gleyma að á bak við öflugan fjarnámsskóla er mikil tækniþekking.

Þegar horft er yfir farinn veg kemur í ljós að fjarnámsskerfið allt er skilvirkara en áður, samanburður á einkunnum frá árunum 2006 og 2007 annars vegar og skólaárunna 2013-2018 hins vegar leiðir það í ljós. Á fyrra tímabilinu lauk um þriðjungu skráðra prófa með

stöðnum framhaldsskólaeiningum en á þeim síðari var þessi fjöldi rúmlega helmingur. Skýringin á þessu er án efa sú að allt kerfið okkar vinnur betur nú en fyrr. Fjarkennarar eru orðnir öruggari í sínu starfi, kennslukerfið er orðið þjálla, tölvurnar eru orðnar betri og tölvukunnáttu nemenda hefur fleygt fram.

Reykjavík 21. september 2018  
*Sigurlaug Kristmannsdóttir*  
fjarnámsstjóri VÍ

## Viðauki

Önn	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmendur í próf	% Mæting í próf
V06	744	5,23	3889	2471	70,6	63,5
S06	509	5,65	2877	2243	64,1	78,0
H06	665	5,47	3640	2227	63,6	61,2
<b>Alls fjarnám 06</b>	<b>1918</b>	<b>5,43</b>	<b>10406</b>	<b>6941</b>	<b>198,3</b>	<b>66,7</b>
V07	690	5,36	3699	2140	61,1	57,9
S07	659	5,42	3572	2186	62,5	61,2
H07	754	6,05	4558	2390	68,3	52,4
<b>Alls fjarnám 07</b>	<b>2103</b>	<b>5,62</b>	<b>11829</b>	<b>6690</b>	<b>191,9</b>	<b>56,56</b>
V08	811	5,98	4846	2739	78,3	56,5
S08	714	5,65	4037	2720	77,7	67,4
H08	815	5,70	4648	2796	79,9	60,2
<b>Alls fjarnám 08</b>	<b>2340</b>	<b>5,78</b>	<b>13531</b>	<b>8255</b>	<b>235,9</b>	<b>61,01</b>
V09	895	5,96	5331	3119	89,1	58,5
S09	979	5,87	5744	3516	100,5	61,2
H09	900	6,19	5567	3350	95,7	60,2
<b>Alls fjarnám 09</b>	<b>2774</b>	<b>6,00</b>	<b>16642</b>	<b>9985</b>	<b>285,3</b>	<b>60,00</b>
V10	923	6,02	5553	3422	97,8	61,6
S10	889	5,04	4479	3069	87,7	68,5
H10	308	5,75	1771	1313	37,5	74,1
<b>Alls fjarnám 10</b>	<b>2120</b>	<b>5,57</b>	<b>11803</b>	<b>7804</b>	<b>223,0</b>	<b>66,12</b>
V11	721	5,44	3923	2815	80,4	71,8
S11	728	5,24	3816	2807	80,2	73,6
H11	522	5,70	2976	2129	60,8	71,5
<b>Alls fjarnám 11</b>	<b>1971</b>	<b>5,44</b>	<b>10715</b>	<b>7751</b>	<b>221,5</b>	<b>72,34</b>
V12	627	5,52	3464	2592	74,1	74,8
S12	572	5,24	2997	2184	62,4	72,9
H12	574	5,35	3071	2126	60,7	69,2
<b>Alls fjarnám 12</b>	<b>1773</b>	<b>5,38</b>	<b>9532</b>	<b>6902</b>	<b>197,2</b>	<b>72,41</b>
V13	641	5,33	3417	2396	68,5	70,1
S13	698	5,00	3493	2536	72,5	72,6
H13	545	5,25	2863	1956	55,9	68,3
<b>Alls fjarnám 13</b>	<b>1884</b>	<b>5,20</b>	<b>9773</b>	<b>6888</b>	<b>196,8</b>	<b>70,35</b>
V14	694	5,30	3677	2492	71,2	67,8
S14	604	5,12	3092	2266	64,7	73,3
H14	512	5,29	2707	1719	49,1	63,5
<b>Alls fjarnám 14</b>	<b>1810</b>	<b>5,24</b>	<b>9476</b>	<b>6477</b>	<b>185,1</b>	<b>68,35</b>
V15	608	5,24	3187	2301	65,7	72,2
S15	940	4,09	3845	2840	81,1	73,9
H15	570	5,00	2851	1959	56,0	68,7
<b>Alls fjarnám 15</b>	<b>2118</b>	<b>4,67</b>	<b>9883</b>	<b>7100</b>	<b>202,9</b>	<b>71,84</b>
V16	574	5,04	2894	2046	58,5	70,7
S16	472	4,83	2280	1701	48,6	74,6
H16	403	5,25	2118	1531	43,7	72,3
<b>Alls fjarnám 16</b>	<b>1449</b>	<b>5,03</b>	<b>7292</b>	<b>5278</b>	<b>150,8</b>	<b>72,39</b>
V17	446	5,29	2361	1694	48,4	71,8
S17	475	5,12	2430	1880	53,7	77,4
H17	372	5,32312	1980	1429	40,83	72,164
<b>Alls fjarnám 17</b>	<b>1293</b>	<b>5,24</b>	<b>6771</b>	<b>5004</b>	<b>143,0</b>	<b>73,90</b>
V18	544	5,07	2759	2015	57,6	73,0
S18	472	5,14	2425	1821	52,0	75,1
H18						
<b>Alls fjarnám 18</b>	<b>1016</b>	<b>5,10</b>	<b>5184</b>	<b>3836</b>	<b>109,6</b>	<b>73,99</b>

Tafla 4. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2018

Tölur um fjölda nemenda í fjarnámi á heimasíðu skólans og í þessari töflu, kunna að vera misjafnar. Skýringin er sú að efnið á heimasíðuna er unnið um miðja önn, en þessi tafla er unnið í lok annar og þá gætu einhverjir nemendur hafa bæst við. Tölur í töflunni teljast í öllum tilfellum vera réttari.